

Umhverfisstofnun
Áb. <i>SF</i>
02 FEB. 2004
54.52
Tilv. UST2004 0100005

Skipulagsstofnun
 Þóroddur F. Þóroddsson
 Laugavegi 166
 150 Reykjavík



Umhverfisstofnun

Umhverfisstofnun
 Umhverfisáhrifum
 Umhverfisstofnun
 Umhverfisstofnun
 Umhverfisstofnun
 Umhverfisstofnun
 Umhverfisstofnun
 Umhverfisstofnun

28. janúar 2004

Tilvísun: UST20040100005/sf

Vatnsdalsvegur, Hof - Steinkot. Matsskylda.

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 29. desember 2003 þar sem óskað er álits Umhverfisstofnunar á því hvort ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum, að teknu tilliti til 3. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdalýsing

Í tilkynningu framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhugað er að endurbyggja 12,8 km langan vegkafla í austanverðum Vatnsdal í Húnnavatnssýslu milli afleggjara að refahúsum við Hof að Steinkoti, þar af eru um 4 km nýbygging.

Verndarsvæði

Innan framkvæmdasvæðisins eru tvö svæði sem skilgreind eru sem önnur svæði á náttúruminjaskrá, þ.e. svæði nr. 407 (*Eylendið, Flóðið og Húnnavatn*) og svæði nr. 425 (*Hvammsskriður í Vatnsdal*). Svæðunum er lýst á eftirfarandi hátt í skránni:

Eylendið, Flóðið og Húnnavatn, Sveinsstaðahreppi, Torfalækjarhreppi, A-Húnnavatnssýslu. (1) Húnaós, Húnnavatn, Hnausakvísl með bökkum og hölmum, eylendið frá Giljáreyrum suður undir Hnausa. Flóðið og óshólmar Vatnsdalsár í Vatnsdal. (2) Flæðimýrar, óshólmar og vötn með fjölbreyttu lífi.

Hvammsskriður í Vatnsdal, Áshreppi, Sveinsstaðahreppi, A-Húnnavatnssýslu. (1) Svæði milli Vatnsdalsár og hábungu fjallanna austan við ána. Til norðurs markast svæðið af læk norðan Hjallalandi og til suðurs af læk sunnan Eyjólfssstaða. (2) Mikilfenglegir klettar og skriður, fögur og tilkomumikil stuðluð basaltlög í Fossgili.

Flóðið er hluti af svæði sem lagt er til að verði friðlýst í tillögu Umhverfisstofnunar að náttúruverndaráætlun 2004-2008, þ.e. svæði sem nefnt er „*Hópið, Húnnavatn og Flóðið*“. Í forsendum fyrir verndun, viðföng og viðmið segir: „*Vötn og ár með mikla lífaðgi og sérstöðu fiskstofna*.“ Þetta svæði er þó ekki eitt þeirra svæða sem lagt er til að verði friðlýst samkvæmt tillögu umhverfisráðherra að náttúruverndaráætlun sem kynnt var á Umhverfisþingi í október 2003, en í þeirri áætlun var megin áhersla lögð á eftirtalin atriði: 1) Að koma upp heildstæðu neti friðaðra svæða, sem tekur til fuglabyggða sem hafa verndargildi

á alþjóðlega vísu, 2) stækkun tveggja þjóðgarða og 3) stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs og friðlýsingu svæða sem tengjast honum.

Umhverfisstofnun bendir á að framangreind svæði eru ekki friðlýst eins og skilja mætti af umfjöllun um verndarsvæði í tilkynningu framkvæmdaraðila, sbr. kafla 1.8 og kafla 5.5.1.

Umhverfisstofnun telur að fyrirhugaður vegur muni ekki skerða verndargildi Flóðsins og óshólma Vatnsdalsár. Vegurinn mun liggja nær óshólmum árinnar milli stöðva 42500 og 42900 en ekki er um mikla færslu að ræða. Á öðrum köflum vegarins mun vegurinn liggja í núverandi vegstæði eða liggja ofar í skriðum en núverandi vegur.

Í tilkynningu framkvæmdaraðila segir m.a. að núverandi Vatnsdalsvegur liggi eftir endilöngum neðanverðum Hvammsskriðunum á um 3 km kafla frá stöð 37260 til 40150. Bent er á að til stendur að færa veginn fjær skriðunum þar sem hann er næstur þeim, á milli stöðva 37700 – 38600 og 39040 – 40150.

Umhverfisstofnun telur að framangreindar færslur á veginum séu til bóta en bendir jafnframt á að minnka mætti skeringar sem gert er ráð fyrir innan þess svæðis sem er á náttúruminjaskrá, sbr. ábendingar í kaflanum um efnistöku hér að neðan.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 38. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd skal leita umsagnar og tilkynna Umhverfisstofnun um framkvæmdir þar sem hætta er á að spillt verði öðrum náttúruminjum á náttúruminjaskrá. Stofnunin bendir á að umsögn stofnunarinnar um matsskyldu framkvæmda skv. lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum jafngildir ekki umsögn skv. 38. gr laga um náttúruvernd.

Áhrif á landslag

Í tilkynningu um framkvæmdina segir um áhrif á landslag:

„Reiknað er með að framkvæmdin muni hafa lítil áhrif á landslagið, bæði á námusvæðum og þar sem vegurinn liggur. Landslaginu hefur þegar verið raskað með núverandi veki og námuvinnslu. Við framkvæmdina þarf að gera skeringar og fyllingar til að fá góða hæðarlegu á veginn á nokkrum stöðum. Gengið verður þannig frá vegsvæði og námusvæðum að vegurinn og námurnar falli vel að landi.“

Umhverfisstofnun telur að auknar skeringar í skriður geti haft töluberð áhrif á landslag á svæðinu. Því beri að leggja áherslu á að halda skeringum í lágmarki, sbr. athugasemdir hér að framan.

Áhrif á fugla

Náttúrustofa Norðurlands vestra hefur athugað fuglalíf við fyrirhugað vegstæði (fylgiskjal 5 með tilkynningu framkvæmdaraðila). Samkvæmt niðurstöðum þeirrar athugunar er fuglalíf þar ekki fjölbreytt og svipuð búsvæði fyrir fugla eru í næsta nágrenni vegarins. Þó gætu fuglar orðið fyrir tímabundnu ónæði, meðan á framkvæmdum stendur, einkum ef framkvæmdir eiga sér stað yfir varptímann.

Með hliðsjón af ofansögdum telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að fyrirhuguð framkvæmd muni hafa umtalsverð áhrif á fuglalíf.

Áhrif á gróðurfar / votlendi

Náttúrustofa Austurlands hefur að beiðni Vegagerðarinnar skoðað gróður á og við fyrirhugað vegstæði. Í skýrslu um niðurstöður úttektarinnar (fylgiskjal 4 með tilkynningu framkvæmdaraðila) kemur m.a. fram að fyrirhugað vegstæði liggur að mestu um graslendi og

votlendi. Fjölbreytni gróðurlenda telst ekki vera mjög mikil. Tegundafjölbreytni á athugunarsvæðinu er ekki sérstaklega mikil og ekkert bendir til að sjaldgæfar tegundir eða tegundir sem settar hafa verið á válista eða eru friðlýstar verði fyrir raski af fyrirhugaðri vegagerð.

Í skýrslu Náttúrustofu Austurlands segir einnig:

„Hins vegar verður að telja verðmæti votlenda mikið þar sem votlendi hefur farið mjög minnkandi á Íslandi á síðustu öld. Votlendissvæðin vestan við fyrirhugað vegarstæði eru stór og nokkuð fjölbreytt. Vegur á fyrirhuguðu vegsvæði mun þó ekki skerða þessi votlendið mikið þar sem hann liggur að mestu í eða við jaðar þess.“

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd skulu myrar og flóar, 3 hektarar að stærð eða stærri, njóta sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er. Einnig má benda á að samkvæmt stefnumörkun íslenskra stjórvalda til 2020 um sjálfbæra þróun skal forðast eins og kostur er að skerða frekar votlendi og vinna að endurheimt votlendis þar sem slíkt er talið mögulegt. Nauðsynlegt er að framkvæmdum verði hagað þannig að raski á votlendi verði halddi í lágmarki. Skilgreina ætti framkvæmdasvæðið þróngt og takmarka rask við vegsvæðið sjálf.

Í skýrslu eftirlitsráðgjafa Umhverfisstofnunar um framkvæmdina frá 20. október 2003 er m.a. bent á að Hvammsskriður ná niður í mýrina neðan þeirra og að undan þeim komi lindir og lindaraugu. Eftirlitsráðgjafi bendir á að ef lindaraugun stíflist þorni mýrin upp og ef gerður verði skurður til að leiða lindarvatnið í breytist mýrin verulega. Því sé ekki æskilegt að grafa skurði meðfram veginum til að taka við vatninu, heldur sé æskilegra að láta veginn fljóta á mýrinni og hafa einhvers konar drenlögn neðst í veginum. Þá bendir eftirlitsráðgjafi á að við skurðendann sunnan Hvammstjarnar er mjög blautt og mikilvægt að hlífa bæði myri og skriðu eins og kostur er af raski vélum o.fl. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að við endanlega hönnun vegarins verði tekið tillit til ofangreindra ábendinga og að gerðar verði ráðstafanir til þess að fyrirhuguð vegagerð skerði ekki vatnsrennsli í mýrina.

Umhverfisstofnun minnir á að leita skal umsagnar stofnunarinnar um framkvæmdina skv. 37. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd áður en framkvæmdaleyfi er veitt.

Efnistaka

Í tilkynningu um framkvæmdina kemur fram að áætluð efnispörf í veginn er um 203.000 – 207.500 m³. Efnistaka er fyrirhuguð úr skeringum við vegstæði og úr nánum í landi Hofs, Mássstaða, Brekkukots/Axlar og úr bráðabirgðavegi við Hnausakvísl.

Umhverfisstofnun gerir athugasemdir við að efnistökusvæði eru ekki afmörkuð á myndum er sýna fyrirhugað vegstæði. Eingöngu eru sýndar staðsetningar könnunarhola vegna jarðvegsrannsókna.

Umhverfisstofnun telur að minnka ætti skeringar eins og frekast er kostur en gert er ráð fyrir töluverðum skeringum í skriður. Stofnunin telur rétt að athuga með að minnka enn frekar skeringar í Hvammsskriður, en gert er ráð fyrir nokkuð miklum skeringum á tveimur stöðum innan þess svæðis sem er á náttúrumínjaskrá. Jafnframt ætti að athuga með að minnka skeringar í landi Mássstaða en þar er gert ráð fyrir miklum skeringum og taka meira af efni í námu í landi Brekkukots/Axlar. Stofnunin telur rétt að allar skeringar verði mældar upp og að lögð verði fram áætlun um frágang skeringa eins og um námar væri að ræða. Ganga verður frá skeringum þannig að þær falli sem best að landinu umhverfis þær og nauðsynlegt er að sáð

verði í raskað svæði. Minnt er á að uppfylla verður ákvæði VI. kafla laga nr. 44/1999 um náttúruvernd ef um er að ræða nýja efnstökustaði.

Í tilkynningu framkvæmdaraðila kemur fram að haft verði samband við landeigendur og eftirlitsráðgjafa Umhverfisstofnunar um frágang efnistökusvæðanna. Umhverfisstofnun bendir á að yfirumsjón með eftirliti vegna framkvæmda er í höndum framkvæmda- og eftirlitssviðs Umhverfisstofnunar.

Frágangur

Í tilkynningu framkvæmdaraðila segir m.a.:

„Gert er ráð fyrir að eldri vegur milli stöðva 37700-38700 og stöðva 39100-40300 verði fjarlægður enda lendir núverandi vegur viðast undir nýjum veginum eða fer i skeringar. Þó verður núverandi vegi milli stöðva 41360 og 43600 leyft að standa áfram því þar verður vegurinn nýttur sem girðingarstæði.“

Umhverfisstofnun æskilegt að a.m.k. einhver hluti þess vegar sem nýttur verði sem girðingarstæði verði afmáður, enda geti aflagður vegur verið áberandi í landinu. Gera verður ráð fyrir að vegurinn sé mun breiðari en nauðsynlegt er fyrir girðingarstæði.

Í umfjöllun um frágang í tilkynningu um framkvæmdina segir m.a. að leitað verði til eftirlitsráðgjafa Umhverfisstofnunar eftir þörfum um hvernig staðið skuli að uppræðslu vegsára. Einnig að allur frágangur verði í samráði við landeigendur og eftirlitsráðgjafa Umhverfisstofnunar. Umhverfisstofnun bendir á að hafa ber samráð við framkvæmda- og eftirlitssvið Umhverfisstofnunar um tilhögun eftirlits.

Mótvægisáðgerðir

Umhverfisstofnun gerir athugasemdir við umfjöllun um mótvægisáðgerðir í tilkynningu framkvæmdaraðila. Stofnunin bendir á að þar eru taldar upp aðgerðir sem vart geta talist til eiginlegra mótvægisáðgerða, s.s að röskun á landi verði halddið í lágmarki og takmarkist fyrst og fremst við vegstæðið sjálft (sjá t.d. skilgreiningu á mótvægisáðgerðum í leiðbeiningariti Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda). Þá bendir Umhverfisstofnun á að frágangur á nánum þar sem efnistaka vegna framkvæmdarinnar hefur farið fram telst ekki til mótvægisáðgerða heldur verður að líta á slíkan frágang sem hluta af framkvæmdinni sjálfri.

Í umfjöllun framkvæmdaraðila um mótvægisáðgerðir segir m.a.:

„Vegagerðin mun græða upp fyllingar og vegskeringar í veglinunni, a.m.k. jafnmikið gróðurlendi og raskast við framkvæmdina í samráði við Umhverfisstofnun og landeigendur.“ Umhverfisstofnun telur að uppræðsla vegfyllinga og skeringa geti ekki talist til mótvægisáðgerða heldur sé hún hluti af frágangi vegna framkvæmdarinnar sjálfrar. Stofnunin bendir á að uppræðsla á röskuðum svæðum verður að taka mið af umhverfinu og skal stuðla að landnámi grenndargróðurs. Þá bendir stofnunin á að uppræðsla vegfyllinga og skeringa kemur ekki í stað þess gróðurlendis sem tapast við framkvæmdirnar. Þetta á ekki síst við um votlendi en fyrirhuguð framkvæmd í austanverðum Vatnsdal mun liggja í jaðri votlendis. Stofnunin bendir á að við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda hefur verið farið fram á að endurheimt sé jafn mikið votlendi og raskast við vegaframkvæmdir.

Niðurstaða

Umhverfisstofnun telur að fyrirhuguð vegagerð um Vatnsdal geti haft töluluverð áhrif á landslag vegna skeringa. Jafnframt geti framkvæmdin haft töluluverð áhrif á votlendi ef þess er ekki gætt við endanlega hönnun vegarins að tryggja rennsli í lindum við Hvammsskriður.

Umhverfisstofnun telur því mikilvægt að haft verði samráð við stofnunina um endanlega hönnun vegarins þegar leitað verður umsagnar skv. 37. og 38. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun telur þó ekki líklegt að fyrirhuguð framkvæmdin hafi í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Virðingarfyllst,



Sigríður Hjaltadóttir



Gunnar S Jónsson
staðgengill forstöðumanns
framkvæmda- og eftirlitssviðs

Afrit: Sigríður Hjaltadóttir, eftirlitsráðgjafi Umhverfisstofnunar á Norðurlandi.